

eíði, að hann hafi á borgarafundi í Reykjavík, í leikhúsi gagnáfrýjanda, hinn 17. desemberm. árið 1900, talað þau orð, að bæjarfógeti Halldór Danielsson hafi sagt við sig »að gagnáfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð hafi í mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum«, — þá skal hann vera sýkn fyrir kærnum og kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og skal málskostnaður þá falla niður. En vinni aðaláfrýjandi eigi svofeldan synjunareid, skal hann greiða sekt í lands-sjóð 60 — sextíu — krónur, eða sæta 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma, svo og í málskostnað til gagnáfrýjanda 80 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. ágústmánaðar.

Nr. 21/1902:

Híð opinbera
gegn

Siggeiri Torfasyni.

D ó m u r:

Í máli þessu er kærði, Siggeir kaupmaður Torfason í Reykjavík, sakaður um brot gegn 4. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, en með lögregluréttar-

dómi Reykjavíkur, gengnum 21. maí þ. á., var hann dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu og málskostnaður lagður á almannafé. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Einhvern dag um miðjan síðastliðinn apríl-mánuð seldi kærði, sem hefir heimild til að verzla með áfenga drykki samkvæmt ofangreindum lögum, manni nokkrum 3 pela af brennivíni og lánaði honum flösku undir það. Borgaði kaupandi vínið þá þegar, helti nokkru af því á pelaglas, sem hann hafði á sér, og bað kærða að geyma afganginn fyrir sig. Kærði gjörði þetta fyrir hann og lét flöskuna upp á hillu í búðinni, og sagði konu sinni, hver ætti það sem í flöskunni var, ef þess yrði vitjad, þegar hann væri ekki sjálfur við. Kaupandi kom svo síðar tvisvar sinnum í búðina með sama pelaglasíð og sótti það sem eftir var í flöskunni.

Eftir því sem nú hefir verið frá skýrt um atvik málsins, eins og málsskjölin lýsa þeim, verður að álíta, að salan á umræddum 3 pelum af brennivíni hafi gjörst í eitt skifti, og að kærði hafi því eigi orðið brotlegur gegn tilvitnuðu lagaákvæði fyrir sölu á áfengum drykkjum í smærri skömtum en lögleyft er; og þar sem aðferð kærða eigi verður talið saknæm eftir öðrum ákvæðum í vínverzlunarlögunum 11. nóv. 1899, ber að fallast á það, að hann hefir verið sýknaður í lögregluréttardómnum af kæru hins opinbera í málinu. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, og er því

Lögregluréttardómurinn staðfestur að öllu leyti. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannafé, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskadur. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Nr. 24/1902:

Hið opinbera
gegn

Guðmundi Magnússyni.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn Guðmundi kaupmanni Magnússyni fyrir brot á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi 11. nóv. 1899; en með dómi, kveðnum upp í nefndum rétti 31. maí þ. á., var kærði sýknaður af kæru hins opinbera í því máli og skyldi greiða málskostnað af almannafé.